

Föstudaginn 24. janúar 1964.

Nr. 143/1962. **Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**

og

Skipshöfn b/v Maí, GK 346,

gegn

Bæjarútgerð Reykjavíkur

og

**Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga
til réttargæzlu.**

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Giz-
ur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ár-
mann Snævarr.**

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal skýrsla um viðgerðir, sem framkvæmdar voru í St. John's á b/v Skúla Magnússyni í októbermánuði 1960, dags. 17. desember 1962, og álitserðir Erlings Þorkelssonar, skipa- og vélæftirlitsmanns, dags. 30. apríl 1963 og 10. desember s. á.

Áður en dómur gengur í máli þessu, þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla álits þriggja dómkvaddra sérkunnáttumanna um:

1. Hvort unnt var á hafi úti um borð í b/v Skúla Magnússyni við aðstæður, er þar voru, eftir að dæluhreyflar reyndust óvirkir hinn 3. október 1960,

a) að framkvæma viðgerð á þeim hreyflum og

b) að breyta öðrum hreyflum, þannig að þeir yrðu not-
hæfir í stað hinna biluðu hreyfla.

2. Hve langan tíma, ef því var að skipta, hefði tekið greind viðgerð annars vegar og breytingar hins vegar?

3. Hvort eldsneyti mátti dæla án viðgerðar bilaðra hreyfla eða breytingar á öðrum hreyflum og þá með hverjum hætti.

4. Hvort b/v Skúli Magnússon mátti, þegar gögn máls

og atvik öll eru virt, komast hjálparlaust í höfn eftir áfall það, er í héraðsdómi greinir.

Þá er aðiljum rétt að afla annarra gagna, eftir því sem efni verða til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla gagna, er að fram-
an greinir.

Miðvikudaginn 29. janúar 1964.

Nr. 148/1963. **Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum**
f. h. hafnarsjóðs (Jón Hjaltason hrl.)
gegn

Marcel Lambregt, eiganda og útgerðarmanni
b/v Marie Rosette, O 285, og til réttargæzlu
vátryggjanda og ábyrgðarvátryggjanda
togarans (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Giz-
ur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór**
B. Lindal

Kærumál. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Martin Tómasson hafa kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1963, sem barst dóminum 8. s. m., og krafist þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Mál þetta hefur verið flutt munnlega fyrir Hæstarétti samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt.